NÁMSGREIN: HÖNNUN OG SMÍÐI
KENNSLUYFIRLIT – 1.BEKKUR

Markmið: Í námsgreininni hönnun og smíði öðlast nemandinn færni í að nota margskonar efnivið og eykur færni sína og kunnáttu til þess að hanna og búa til hluti. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Við hönnun á sér stað mat innra með einstaklingnum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hluta og umhverfis. Smíðin þroskar hins vegar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Nemandinn öðlast þannig skilning á hvernig verk eru brotin upp í verkþætti sem er undirstaða verkskilnings, skipulags og verkaskiptingar. Hönnun og smíði sameinar hug og hönd, hugsun og framkvæmd og veitir því tækifæri til að þroska frumkvæði og sköpunarmátt nemandans á meðvitaðan og markvissan hátt.

Námsgögn: Verkefni frá kennara, bækur um hönnun og smíði, verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Kennsluhættir: Sýnikennsla, innlagnir, hugmyndavinna, verklegar æfingar, sköpun, samvinnunám.

Lykilhæfni:

Leitast er við að hafa hina sex grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og jafnrétti. Einnig er reynt að styðja við menntagildi lykilhæfni sem felst meðal annars í að styðja við sjálfsvitund og samskiptahæfni nemandans.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Að geti beitt ímyndunarafli sínu og sköpunargáfu til að takast á við verkefni sín á markvissan hátt.
- Að geti unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Að geti unnið með öðrum að skipulögðum námsverkefnum.
- Að geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Að geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Að geti sett sér með aðstoð markmið í námi.

Hæfniviðmið / matsviðmið:

Til hliðsjónar og viðmiðunar er farið eftir þeim hæfniþáttum sem skilgreindir eru fyrir námssvið list- og verkgreina í heild og hæfniþáttum eins og þeir eru skilgreindir sérstaklega fyrir hönnun og smíði.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist hæfniviðmiðin sem tilgreind eru í töflunni hér fyrir neðan.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Fjórskipt lotukerfi Nemandi mætir tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn yfir fjórðung vetrar eða um það bil fjórtán skipti.	**Handverk, hönnun og tækni með umhverfið í huga þar sem reynir á útfærslu og gerð nokkurra verkefna í hönnun og smíði.** **Verkefni** Mappa og hugmyndabók. Lítil flugvél á klemmu. Mynd á trjábútsstandi. Grunnform í kubbi. Listaverk úr afsagi. Snagahús eftir eigin teikningu. Ritfangahirsla úr pappahólkum. Skopparakringla. Teningur og spil.	Sýnikennsla Innlagnir Hugmyndavinna Verklegar æfingar Sköpun Samvinnunám	Þekkir algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrir á einfaldan hátt virkni þeirra. Beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlífðarbúnaðar. Getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. Getur hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni. Sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.	• Frammistaða við gerð verkefna • Frammistaða í kennslustundum • Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna	**Nafnorð** Hefilbekkur hefill, laufsög, sagarklauf, þvinga, sandpappír, þjöl, raspur, bor, borvél, töng, nagli, hamar, brennipenni,… **Sagnir** Að saga að hefla að pússa að þjala að raspa að þvinga að hefla að bora að negla að líma